

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 40/1999**  
**frá 26. mars 1999**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var  
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er  
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-  
nefndarinnar nr. 15/1999 frá 29. janúar 1999<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla  
með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins<sup>(2)</sup> skal felld inn í  
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka  
við samninginn:

„56e. **398 L 0041**: Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu  
einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja  
bandalagsins (Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 124.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 188, 2.7.1978, bls. 35.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/41/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner